

Starfsstöð	Heimilisfang	Viðstaddir			
FE-1157	Bakka II, Ölfusi	Eva Lind Guðmundsdóttir quality/fish health assistant south			
Fiskeldi Austfjarða hf. - Bakka II, Ölfusi 100t	816 Ölfus				
Tilefni	Eftirlit framkvæmt	Dagsetning skýrslu	Tímar við úttekt	Viðbótartímar	Yfirvinna
Reglubundin skoðun	5.4.2024	10.5.2024	8,00	0,00	0,00

Skoðuð voru og tekin afstaða til 12 skoðunatriða af 15. Gerðar eru kröfur um úrbætur í 6 skoðunatriðum, þar af 0 Alvarleg frávik og 6 Frávik. Nema annað sé tekið fram þá er veittur frestur til næstu reglubundinnar skoðunar samkvæmt áhættumati. Úrbótum skal lokið eins fljótt og auðið er.

Frestur til úrbóta

Næsta reglubundna skoðun

Alvarlegt frávik

Frávik

- 2.1.2 Framleiðsluskýrsla
- 4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni
- 4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks
- 5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstarleyfi>20.tonn)
- 5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)
- 5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Niðurstaða eftirlits

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Jónína Guðmundsdóttir og Vigdís Sigurðardóttir fóru í eftirlit að Bakka þann 5. apríl 2024. Gengið var um fiskeldisstöð og eldisker yfirfarin og varnir gegn stroki skoðuð. Farið var yfir gæðakerfi og skráningar fiskeldisstöðvarinnar á skrifstofu. Þá var kallað eftir frekari upplýsingum úr gæðahandbók og framleiðsluskýrslum sem voru yfirfarin af starfsmönnum Matvælastofnunar.

Vakin skal athygli á að skv. 1. mgr. 26. gr. stjórnslulaga, er þér heimilt að kæra ákvörðun þessa til matvælaráðuneytisins. Jafnframt skal athygli vakin á 1. mgr. 27. gr. laganna, þar sem segir að stjórnslukæra skuli borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um stjórnvaldsákvörðun.

Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022. Krafa birtist í netbanka og reikningur er birtur á Ísland.is.

Starfsstöð

Fiskeldi Austfjarða hf. - Bakka II, Ölfusi 100t
Bakka II, Ölfusi
816 Ölfus
Staða: Í gildi
Kennitala: 5204120930

Starfsemi

Frumframleiðsla - Þáttur VI - Klak - Klakstöð
Frumframleiðsla - Þáttur VI - SS - Seiðastöð - 1 2

Tengiliðir

Rafn Heiðdal	8685669	rafnh@laxar.is	Stöðvarstjóri
Ólöf Rún Stefánsdóttir	8681643	olof@icefishfarm.com	Gæðastjóri
Eva Lind Guðmundsdóttir	8458847	eva.lind@icefishfarm.com	Quality Fish Health Assistance

2 - Leyfi

2.1 - Rekstrarleyfi og skírteini

7. gr laga nr. 71/2008 og 38. gr. í reglugerð nr. 540/2020

2.1.2 Framleiðsluskýrsla

Sett inn: 10.05.2024

Frávik

Í framleiðsluskýrslu vantar upplýsingar svo hægt sé að fylgja hverjum hópi frá mánuði til mánuðar en inn á milli eru m.a. allar tölur 0 og svo komnar upp aftur í næsta mánuði. Vantar einnig tölur fyrir inntöku seiða og flutning seiða úr stöð.

4 - Byggingar, búnaður og eldissvæði

4.2 - Landeldi

12 og 19.gr. reglugerðar 540/2020 og skilyrði rekstrarleyfis

4.2.2 Eldisbúnaður og fiskheldni

Sett inn: 10.05.2024

Frávik

Vantar skráningu á viðhaldi eldisbúnaðar.

4.3 - Strok

45.gr. og viðauki IV. í reglugerð nr. 540/2020

4.3.1 Viðbragðsáætlun vegna stroks

Sett inn: 10.05.2024

Frávik

Í viðbragðsáætlun er fyrsti liður að tilkynna strok en það ætti að vera annar liður og fyrsti liður að koma í veg fyrir frekara strok. Það vantar að Matvælastofnun sé tilkynnt um strok um leið og Fiskistofu er tilkynnt um strokið. Uppfæra þarf netfang til þess að tilkynna strok til Matvælastofnunar í fiskeldi@mast.is

5 - Gæðastjórnun og innra eftirlit

5.1 - Skipulag, verklag, viðbragðsáætlanir og innra eftirlit

47. - 50.gr. og viðauki III. í reglugerð nr. 540/2020

5.1.2 Þjálfun starfsfólks (rekstrarleyfi>20.tonn)

Sett inn: 10.05.2024

Frávik

Vantar skrá og áætlun um fræðslu/þjálfun starfsmanna

Ekki var sýnt fram á að allir starfsmenn fái eftirfarandi þjálfun:

- Að hindra strok og virkja viðbragðsáætlun
- Að lágmarka umhverfisáhrif
- Að tryggja velferð eldisdýra - enginn starfsmaður var búinn að ljúka áætluðum námskeiðum.

Nýliðþjálfun:

Ekki var sýnt fram á að nýliðar fái eftirfarandi þjálfun við upphaf starfs:

- Kynning á gæðastjórnunarkerfi fyrirtækis
- Varnir gegn stroki
- Viðbrögð við stroki

Jafnframt skortir að dagsetning þjálfunar sé tilgreind.

5.1.5 Innra eftirlit (rekstarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 10.05.2024

Ekki var sýnt fram á að skilgreint væri hver er ábyrgur fyrir framkvæmd úrbóta og lýsa aðferðum og aðgerðum sem nauðsynlegar teljast til þess að leiðrétta frávik.

Ekki var sýnt fram á að allt eftirlit, úrbætur og viðhald sem tengist innra eftirliti eldisstöðvar sé skráð og geymt í minnst fimm ár. Allar skráningar skulu dagsettar og undirritaðar.

Ekki var sýnt fram á að rekstrarleyfishafi sannreyni að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir uppfylli markmið og geri nauðsynlegar úrbætur.

5.1.6 Innri úttektir - sannprófun (rekstarleyfi>20.tonn)

Frávik

Sett inn: 10.05.2024

Ekki var sýnt fram á að sannprófunarhópur væri óháður þar sem úttektaraðili er quality/fish health assistant south og er yfir umræddri eldisstöð.

Í reglugerð um fiskeldi m 540/2020 kemur fram að skipa skuli sannprófunarhóp og sá aðili sem framkvæmir sannprófunina skal vera óháður þeim þáttum sem verið er að sannprófa hverju sinni.

Í sannprófun skortir gátlista sem inniheldur öll þau atriði sem þarf að sannprófa, s.s. alla kafla gæðahandbókar. Þá vantar lista um hvað er tékkað í innra eftirliti.

Ekki kom fram í sannprófun hvort fullnægjandi úrbætur hafi verið gerðar á athugasemdum utanaðkomandi eftirlitsaðila (t.d. UST og MAST).

Í sannprófunina vantar tímabundna úrbótaáætlun.

Eftirfarandi skoðunaratriði voru skoðuð og reyndust í lagi

2.1.1 Rekstrarleyfi

4.2.1 Yfirlit yfir fiskeldisstöð á landi

4.3.2 Búnaður til að endurheimta fisk

5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

5.1.3 Verklagsreglur (rekstrarleyfi>20.tonn)

5.1.4 Viðbragðsáætlanir (rekstrarleyfi>20.tonn)

Vigdís Sigurðardóttir
vigdis.sigurdardottir@mast.is
Fagsviðsstjóri fiskeldis
530-4800

Lagagrunnur eftirlits

Eftirlit með fiskeldi er samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Löggjöfin fjallar um eftirlit og leyfisveitingar rekstrarleyfa til fiskeldis. Nánari ákvæði hafa verið sett fram í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

Markmið laga um fiskeldi er að skapa skilyrði til uppbyggingar fiskeldis og efla þannig atvinnulíf og byggð í landinu, stuðla að ábyrgu fiskeldi og tryggja verndun villtra nytjastofna. Skal í því skyni leitast við að tryggja gæði framleiðslunnar, koma í veg fyrir hugsanleg spjöll á villtum nytjastofnum og lífríki þeirra og tryggja hagsmuni þeirra sem nýta slíka stofna. Til að ná því markmiði skal tryggt að eldisbúnaður og framkvæmd í sjókvældi standist ströngustu staðla sem gerðir eru fyrir fiskeldismannvirki í sjó.